



Reykjavík, 6. desember 2021
SFS2020050139
221. fundur
HG/res

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi færslu kennara milli skólastiga

Á 184. fundi skóla- og frístundaráðs, 26. maí 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Nú standa yfir ráðningar í kennarastöður við grunnskóla borgarinnar. Hver er staða ráðningamála skólanna fyrir næsta skólaár? Þá er óskað upplýsinga um hvort leikskólakennarar eða grunnskólakennarar hafi færst milli skólastiga eftir lagabreytinguna um eitt leyfisbréf frá 1. janúar sl.

Svar:

Frá 1. janúar 2020 þegar sú lagabreyting var gerð að einungis er eitt leyfisbréf til kennslu á leik-, grunn- og framhaldsstigi í stað þriggja hefur eftirfarandi fjöldi kennara flutt sig á milli skólastiga:

Þegar tölur voru teknar út í október 2020 höfðu 3 kennarar flutt sig úr grunnskóla yfir í leikskóla og sjö kennarar flutt sig úr leikskóla yfir í grunnskóla

Þegar tölur voru teknar út í október 2021 höfðu 15 kennarar til viðbótar flutt sig úr grunnskóla yfir í leikskóla og 67 kennarar til viðbótar flutt sig úr leikskóla yfir í grunnskóla.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 23. júní 2020 var fyrri hluta fyrirspurnarinnar svarað varðandi stöðu ráðningarmála.